

Fimmtudaginn 11. júní 1992.

Nr. 205/1992. **Ákærvaldið**

gegn

Finnbirni Eliassyni,**Haraldi Hákonarsyni og****Kolbeini Valssyni.**

Kærumál. Frávísunarkröfu hafnað. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ákærðu hafa með kæru 14. apríl 1992 skotið máli þessu til Hæstaréttar að fengnu samþykki ríkissaksóknara 21. sama mánaðar, sbr. 3. mgr. 124. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Krefjast þeir þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað í heild frá sakadómi. Þá krefjast þeir þess, að sér verði dæmdur kærumálskostnaður svo og málsvarnarlaun.

Ríkissaksóknari krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur að niðurstöðu til.

Þegar litið er til ákvæða 238. og 243. gr. siglingalaga nr. 34/1985, verður að telja, að ríkissaksóknara hefði verið rétt að vísa til þeirra í ákæru auk þeirra lagaákvæða, sem þar eru tilgreind. Þá hefði og átt að gæta ákvæðis 242. gr. siglingalaga, þar sem kveðið er á um, að ákvörðun um málshöfðun samkvæmt XV. kafla laganna skuli tilkynnt samgönguráðuneyti.

Eins og atvikum er háttað, þykir rétt þrátt fyrir ofangreinda ágalla á málshöfðuninni að fallast á þá niðurstöðu héraðsdómara að hafna frávísunarkröfu verjanda ákærðu. Vörn ákærðu á ekki að verða áfátt af þessum sökum, og gefst verjanda kostur á að halda uppi vörnum í málinu með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974. Hinn kærði úrskurður verður því staðfestur.

Ekki verður dæmdur málskostnaður í þessum þætti málsins.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Ísafjarðar 9. apríl 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 9. apríl, er á dómþingi sakadóms Ísafjarðar, sem háð er að Hafnarstræti 1 af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur með ákæruskjali, út gefnu 14. janúar 1991, höfðað mál fyrir dóminum á hendur Finnbirni Elíassyni stýrimanni, Árvöllum 1, Hnifsdal, kt. 300965-5719, Haraldi Hákonarsyni vélstjóra, Túngötu 3, Ísafirði, kt. 010865-3019, og Kolbeini Valsyni skipstjóra, Árvöllum 12, Hnifsdal, kt. 310362-2719, „fyrir eftirgreind brot föstudaginn 7. september 1990:

I.

Ákærðu er öllum gefið að sök að hafa verið ölvaðir við störf í mb. Hafdísi, ÍS-25, á siglingu skipsins frá Ísafjarðarhöfn um Skutulsfjörð að Arnarnesi og aftur til hafnar, ákærði Kolbeinn sem skipstjóri, ákærði Finnbjörn sem stýrimaður og ákærði Haraldur sem yfirvélstjóri.

Telst þetta varða við 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. lög nr. 52, 1978.

II.

Ákærða Kolbeini er einum jafnframt gefið að sök að hafa veitt áhöfn skipsins áfengi bæði fyrir og á siglingu skipsins og siglt skipinu greint sinn óhaffæru sökum ölvunar ofangreindra skipverja og Bjarnþórs Haralds Sverrissonar matsveins, kt. 030957-4669, en auk ofangreindra var Þórir H. Svavarsson vélstjóri, kt. 090766-5709, í áhöfn skipsins í greindri ferð.

Telst þetta varða við 3. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, og 3. tl. 4. gr., sbr. 3. og 36. gr., laga nr. 51, 1987, um eftirlit með skipum.

Þess er krafist, að ákærðu verði allir dæmdir til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til réttindasviptingar, ákærðu Kolbeinn og Finnbjörn til sviptingar réttar til skipstjórnar og ákærði Haraldur rétti til vélstjórnar, allir samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, og ákærði Kolbeinn jafnframt samkvæmt 38. gr. laga um eftirlit með skipum“.

Verjandi ákærðu, Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður, krafðist þess á dómþingi 3. janúar síðastliðinn, að málinu yrði vísað frá dóminum, þar sem í ákæru væri eingöngu byggt á áfengislögum, að því er varðaði ætlaða ölvun ákærðu, en tilgreind ákvæði þeirra laga ættu ekki lengur við, heldur færi um hin ætluðu brot samkvæmt ákvæðum 2. og 3. mgr. 238. gr. siglingalaga nr. 34/1985, sbr. 2. mgr. 243. gr. sömu laga og V. kafla sjómannalaga nr. 35/1985.

Ríkissaksóknara var með bréfi, dagsettu 15. s. m., gerður kostur á að tjá sig um frávisunarkröfuna með vísan til 2. mgr. 124. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974. Ekki hefur borist svarbréf þar að lútandi.

Verður nú tekin afstaða til þeirra atriða, sem verjandi hefur sett fram kröfu sinni til stuðnings.

Það er álit verjanda ákærðu, að hið almenna ákvæði 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, sem meðal annars kveður á um ölvun skipstjóra, stýrimanna og vélstjóra við stjórn skips eða vélar, hafi fallið niður með gildistöku siglingalaga frá 19. júní 1985, en þar er að finna í 2. og 3. mgr. 238. gr. sérákvæði um ölvun skipstjórnarmanna, sem var nýmæli á þeim tíma og felur í sér nokkra breytingu frá hliðstæðu ákvæði áfengislaga, bæði að því er varðar refsímörk og réttindasviptingu. Segir síðan í 2. mgr. 243. gr. siglingalaganna, að með gildistöku þeirra séu numin úr gildi eldri siglingalög „svo og önnur þau ákvæði í lögum, sem ekki fá samrýmst ákvæðum laga þessara“.

Samkvæmt 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, varðar ölvun við stjórn ýmissa tækja, þar á meðal skips, báts og vélar, sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum. Jafnframt skulu hinir brotlegu sviptir rétti til að stjórna viðkomandi tæki „um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað“.

Samkvæmt 2. og 3. mgr. 238. gr. siglingalaga varðar það skipstjóra sektum eða varðhaldi, sem „neytir áfengis eða fíkniefna með þeim hætti, að hann reynist ófær um að gegna starfi sínu á fullnægjandi hátt“. Enn fremur má í refsidómi, „ef sérstaklega miklar sakir eru, ákveða, að dómfelldi skuli sviptur rétti til skipstjórnar ákveðinn tíma, þó ekki í skemmri tíma en þrjá mánuði og allt að fimm árum eða ævilangt. Skal þá jafnframt tekið fram í dóminum, hvort dómfelldi megi gegna stýrimannsstöðu, meðan hann er sviptur skipstjóraréttindum“.

Samkvæmt ofanrituðu er ljóst, að nokkurs ósamræmis gætir milli nefndra ákvæða áfengislaga og siglingalaga, og verður þeim að áliti dómsins ekki beitt samtímis, að því er varðar ölvun við stjórn skips. Lítur dómurinn svo, á, að nú beri að beita hinum sérhæfðu ákvæðum siglingalaga framfar hinu almenna ákvæði áfengislaga, og eigi því 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. síðarnefndu laganna, ekki lengur við um ætlað brot ákærða Kolbeins samkvæmt I. kafla ákæruskjals. Er sú niðurstaða í samræmi við ákvæði 2. mgr. 243. gr. siglingalaga, og verður ákærði Kolbeinn því ekki dæmdur samkvæmt 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, í máli þessu.

Þrátt fyrir þennan ágalla á málalíbúnaði ákærvalds telur dómurinn þó ekki efni til frávisunar málsins frá dómi, enda verði verjanda ákærðu gerður kostur á að reifa málið með hliðsjón af þessu við efnismeðferð málsins, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974.

Að því er varðar hin ætluðu ölvunarbrott ákærðu Finnbjarnar og Haralds, telur dómurinn hins vegar varhugavert að líta svo á, svo að óyggjandi sé, að 24. gr. áfengislaga hafi verið beinlínis felld úr gildi með gildis-

töku hinna nýju siglingalaga, og megi því enn beita umræddu lagaákvæði að þessu leyti við efnismeðferð málsins.

Af framansögðu verður krafa verjanda ákærðu um fávísun málsins frá dóminum ekki tekin til greina.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Synjað er kröfu Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, verjanda ákærðu, Finnbjarnar Eliassonar, Haralds Hákonarsonar og Kolbeins Valssonar, um frávísun málsins frá dóminum.
